

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 310/2003
um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins
um hönnun olíuflutningaskipa.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2172/2004 frá 17. desember 2004 um breytingu á reglugerð nr. 417/2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem vísað er til í 56m í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2005 frá 29. apríl 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2005 eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum um eftirlit með skipum nr. 47/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 15. mars 2006.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.